



Fundargerð

13. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, mánudaginn 23. febrúar 2026.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon, Rúnar Þorri Guðnason, Björn Hafsteinsson, Einar Björn Halldórsson, Hlynur Torfi Torfason, skipulagsfulltrúi og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Jóhannes Gissurarson, formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 13:03.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2510002 - Miðsvæði Kirkjubæjarklausturs-deiliskipulag

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir misvæði Kirkjubæjarklausturs til afgreiðslu fyrir auglýsingu, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagssvæðið er 21,7 ha að stærð, að mestu sunnan Klausturvegar og er að hluta byggt. Innan svæðisins er verslun, kaffihús, vínbúð, félagsheimili, hótél, skrifstofur sveitarfélagsins, grunnskóli, bókasafn og sundlaug. Skipulagssvæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem miðsvæði (M2), opið svæði (OP) og íbúðarsvæði (ÍB3). Tillaga á vinnslustigi var kynnt frá 31. október til 3. desember 2025 og kynnt á opnum fundi þann 13.11.2025. Alls bárust 6 umsagnir við vinnslutillöguna.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir í einu hljóði, framlagða tillögu og leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

2. 2602023 - Loftslagsstefna Skaftárhrepps

Guðný Káradóttir, teymisstjóri hjá VSÓ Ráðgjöf og verkefnastjóri vegna loftslagsstefnu Skaftárhrepps kom inn á fundinn og kynnti verkefnið fyrir Skipulags- og umhverfisráði.



Fundargerð yfirlesin,
fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14:24

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Einar Björn Halldórsson

Undirritunarsíða

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Einar Björn Halldórsson